SKÝRSLA RERIÐVEGANEFNDAR FYRIR ÁRIÐ 2026, LÖGÐ FYRIR AÐALFUND BORGFIRÐINGS Í NÓVEMBER.

Í nefndinni sitja Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Halldór Sigurðsson, Kolbeinn Magnússon. Reynir Magnússon og Davíð Sigurðsson.

Nefndin hélt 3 fundi á árinu, alla í Nautastöðinni að Hesti.

Á árinu 2023 hafði nefndin úr að spila 2,8 milljónum. Aðeins batnaði það árið 2024 þar sem við höfðum rúmlega 3,5 milljónir samanlagt í héraðsverkefni og landsvegi. 2025 höfðum við tæpar 3,2 milljónir og í ár höfðum við 3.286 þús. til að vinna með. Umsókn félagsins hljóðaði upp á miklu hærri upphæð og sýn til næstu ára þeim mun meira. Skipting er þannig að til héraðsvega komu 2.512.967 kr. og í ferðaleiðir komu 773.565 kr.

Á fyrsta fundi var farið yfir verkefni og farið yfir aðkallandi verkefni. Í fyrra sendum við póst á félagsmenn til að biðja um tillögur að verkefnum. Það kom ekkert út úr því þannig að við gerðum það ekki á þessu ári.

Þetta er ekki mikil fjárhæð þegar kemur að lagningu eða viðhaldi reiðvega. Bara að flytja tæki og efni á staðinn tekur töluvert til sín. Þess vegna var ákveðið að leggja alla upphæðina í verkefni í kringum Vindás, hesthúsahverfið í Borgarnesi. Brynjar Bergsson og hans fólk tók að sér verkefnið og þau eru núna rétt að klára sína vinnu. Borið hefur verið í vegi, þeir malaðir og skipt um ræsi þannig að nú eru þeir bæði betri og öruggari.

Við gerðum svipað í fyrra og skiptum fénu ekki í mörg verk. Fórum þá með gröfu og löguðum Brennistaðahálsinn og bárum í og möluðum leiðina frá Árdal að afleggjaranum að Miðfossum. Hestamenn hafa fagnað báðum þeim aðgerðum.

Mörg verkefni bíða og má þar nefna áhuga á að fjölga hólfum þar sem hægt er að stoppa nokkra stund með rekstur. Það er verðugt verkefni og trúlegt að nefndin líti til þess í fjárveitingum næsta árs.

Eins og þekkt er þá var árinu 2022 var lagt af stað með reiðveg frá Brennistöðum og fram að Gufuá. Það ár voru settir fjármunir í þá framkvæmd, sem að hluta fóru í efniskaup og að hluta voru þeir geymdir hjá verktaka til að þeir týndust ekki milli ára.

2023 fóru áfram fjármunir í Gufuárveg og 2024 einnig. Síðan hefur ekki verið sett fjármagn í það verk og það hefur verið í nokkurri kyrrstöðu. Við erum stöðugt með þetta verk í umsókn okkar til LH og Vegagerðar en það verður fyrst að vinna fyrir það fjármagn sem þegar hefur verið sett í það verk.

Rétt er að komi fram að ég tel undirbúning hafa verið góðan að þessari vegalögn og samstarf við landeigendur líka. Hins vegar hafa nú komið fram raddir sumarbústaðaeigenda í landi Beigalda/Gufuár um að framhaldið í gegnum þær jarðir gangi ekki upp því þar á að beina ríðandi umferð inn á einkaveg þeirra!! Sá vegur er gamli þjóðvegurinn norður í land og það er mjög hæpið að einhver geti eignað sér hann. Ferlið er yfirleitt þannig að þegar að vegur er lagður niður þá fellur hann til landeigenda. Við höfum ekki fundið neitt um það að landeigandi hafi gefið sumarbústaðaeigendum veginn. Hins vegar kann vel að vera að þeir hafi lagfært hann og við getum auðvitað tekið þátt í því. Við höfum rætt við Vegagerðina og það liggur fyrir að heyra í sveitarfélaginu og funda svo með ágætum sumarbústaðaeigendum.

Það eru auðvitað mörg verkefni sem bíða. Ég minntist á það í fyrra og árið þar á undan, að það þarf að leggja reiðveg meðfram veginum yfir Kleifarnar í landi Síðumúla. Vegagerðin benti á slóð í gegnum Síðumúlaland en sá slóði þolir hvorki umferð né heldur gáfu eigendur leyfi. Við reynum að halda áfram að ýta við því.

Reiðveganefndir á hverju landsvæði velja sér einn fulltrúa til að vera í reiðveganefnd LH. Valberg á Stóra-Vatnshorni hefur farið fyrir

Vestlendingum og Vestfirðingum undanfarin tvö ár. Á þessu ári hætti hann og Sveinbjörn Eyjólfsson í Borgfirðingi tók við.

Eins og áður hvetjum við félagsmenn að koma með ábendingar um verkefni en munum að fjármagnið er lítið en verkefnin mörg.